





BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HÚNAÞINGS -VESTRA 2014 - 2026 HVAMMSTANGI Verslun og þjónusta



Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014 - 2026, staðfest 07.08.2014. Þéttbýlisuppdráttur.



Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014 - 2026. Þéttbýlisuppdráttur.

Byggð

- Íbúðarbyggð (IB)
- Verslun og þjónusta (VP)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Athafnasvæði (AT)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Frístundabyggð (F)
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
- Íþróttasvæði (IP)
- Opin svæði (OP)
- Hafnarsvæði (H)
- Landbúnaðarsvæði (L)

Samgöngur

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir einvörðungu til skýringar
- Gönguleiðir/fornar þjóðleiðir
- Reiðleiðir

Veitur

- ⊖ RAFVEITA
Rafstrengur í jörðu
- ⊕ HITAVEITA
Stofnæð hitaveitu

- ⊖ VATNSVEITA
Stofnæðar vatnsveitu

- ⊖ FRÁVEITA
Stofnæð fráveitu

Verndarsvæði

- ⊖ ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI
Friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar
- Mörk skipulagssvæðis (og sveitarfélaga)
- Mörk breytingar


GREINARGERÐ

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 sem staðfest var 07.08.2014.

Breytingin felur í sér að hluta af landnotkun af opnu svæði austan Norðurbrautar er breytt í verslun og þjónustu (VP-9). Svæðið er vel til þess fallið að hýsa lóðir fyrir verslun og þjónustu það er við norðurmörk þéttbýlisins á Hvammstanga og austan við svæðið er stór iðnaðarlóð.

Forsendur

Íbúum í Húnaþingi vestra hefur fækkað talsvert á liðnum árum og er Húnaþing vestra eitt þeirra sveitarfélaga sem glímt hefur við viðvarandi fólksfækkun, en íbúum hefur fækkað um 10% frá 1999 til ársins 2016. Samfélagsgerð hefur verið að breytast þar sem yngri aldurshóparnir hafa minnkað á sama tíma og eldri aldurshópar hafa stækkað.



Mynd 1. Íbúaþróun í Húnaþingi vestra 2003-2016.

Í sóknaráætlun fyrir Norðurland vestra 2015-2019 segir m.a.


- Ráðast þarf í markvissa kynningu landshlutans sem ákjósanlegs svæðis til atvinnuuppbyggingar sem og áhugaverðs áfangastaðar fyrir ferðamenn.
- Efla ber menningartengda ferðaþjónustu og tengsl menningarstarfs við markaðssetningu ferðaþjónustu á svæðinu.

Á undanförunum árum hefur ferðaþjónusta verið vaxandi atvinnugrein í Húnaþingi vestra. Fjöldi ferðamanna í sveitarfélaginu hefur margfaldast. Á síðasta ári komu yfir 27 þúsund ferðamanna í upplýsingastöð Húnaþings vestra á Hvammstanga sem er 35% aukning frá árinu áður.

Tafla 1. Fjöldi ferðamanna í upplýsingamiðstöð Húnaþings vestra.

ÁR	GESTA KOMUR	FJÖLGUN
2011	4.958	
2012	10.754	116%
2013	17.389	61,7%
2014	20.186	16,1%
2015	27.127	34,4%

Samkvæmt spá Ferðamálastofu mun sá vöxtur halda áfram. Fjöldi ferðamanna kallar á aukna þjónustu en á Hvammstanga er skortur á nýjum lóðum fyrir verslun og þjónustu.



Mynd 1. Fjöldi ferðamanna á Íslandi 1949-2015 (Ferðamálastofa 2016).

Gerð var fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Niðurstaða hennar var að ólíklegt er að fornleifar séu til staðar á fyrirhuguðu skipulagssvæði.

Tengsl við aðrar áætlanir

Þær áætlanir sem horft er til í aðalskipulagsbreytingu þessari eru:

- Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019

Breyting á aðalskiplagi.

Tilgangur breytingarinnar er auka framboð af verslunar- og þjónustulóðum en skortur er á slíkum lóðum. Í gildandi aðalskipulagi voru markmið sveitarfélagsins fyrir verslun og þjónustu í þéttbýlinu m.a. að leggja áherslu á gott framboð á verslunar- og þjónustulóðum. Leiðir að markmiðunum eru:

- Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.
- Við skipulag byggðar og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.


Nýja svæðið fyrir verslun og þjónustu er 1,2 ha að stærð. Aðkoma verður annars vegar úr norðri frá aðkomu að Sláturhúsaloð og hins vegar að sunnan frá Hvammavegi. Innan svæðisins er gert ráð fyrir fjórum lóðum sem eru ætlaðar fyrir ýmsa þjónustu. Byggingarnar verði á einn til tveimur hæðum. Nánari útfærsla verður gerð í breytingu á gildandi deiliskipulagi austan Norðurbrautar.

Umhverfisáhrif breytingarinnar eru óveruleg þar sem nýja svæðið fyrir verslun og þjónustu er á uppgrónum mel innan þéttbýlisins á Hvammstanga. Reiturrinn liggur á milli iðnaðarsvæðis og íbúðabyggðar.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann _____ 20 16

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____ 2016.

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2016.



AÐALSKIPULAG HÚNAÞINGS VESTRA 2014-2026



BREYTING Á ÞÉTTBÝLISUPPDRÆTTI

Dags: 03.05.2016 Mkv: 1:10.000 Teikn: MO
Yngvi Þór Loftsson og Margrét Ólafsdóttir

Teikn. nr.	Breytt:
Verk nr.	
Hannað.	